



Fundargerð 98. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. nóvember 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Gunnar S. Gunnarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Sævar Örn Kristjánsson, Jón Jóhannsson og Gylfi Ingvason.

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðmundur Sigurvinsson

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinnsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 97
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Fjárhagsáætlun fyrir 2016
4. Mál Félagsmanns
5. Málefni erlenda starfsmanna
6. Fjölmiðla og kynningarmál
7. Styrkir til hjálparsamtaka fyrir jólin
8. Lagt fram til upplýsingar
9. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 97.

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. Stefnandi hefur flutt mál sitt vegna Akks og beðið er niðurstöðu um hvort málinu verður vísað frá eða tekið fyrir.
2. Samstaf við Jötunn vegna flugmiða sem félagsmenn okkar í Vestmannaeyjum geta keypt hjá þeim. Munum reyna að semja um samstarf við Framsýn líka fyrst flugfélagið Ernir vill ekki hleypa fleirum inn í þetta.
3. Fundur uppstillingarnefndar verður 24. nóvember kl. 20:00 búið að stilla upp 16. einstaklingum. komnir 19 til 20 sem vitað er um.

4. Næsti stjórnarfundur verður 17. des.
5. Farið var yfir stöðuna í kjarasamningum og lagð fram blað sem þeir í kjaradeildinni bjuggu til um daginn til að átta sig á hvað væri búið og hvað ekki.

3. Fjárhagsáætlun VM fyrir árið 2016

Nokkrar spurningar voru um einstaka liði og síðan var fjárhagsáætlunin var samþykkt.

4. Mál Félagsmanns

Formaður lagði fram afrit úr fundargerð 65. fundar stjórnar þar sem samþykkt var að veita baktryggingu svo maðurinn gæti farið í mál.

5. Málefni erlendra starfsmanna

Eftir að VM vakti athygli á starfsmannaleigum hefur margt verið að gerast. Skatturinn hefur nú gefið út leiðbeiningar um hvernig standa beri að greiðslum af erlendu vinnuafli. Vinnumálastofnun sendir á okkur samninga sem koma vegna erlendra starfsmanna svo við getum fylgst betur með.

6. Fjölmiðla og kynningamál

Upplýsingafulltrúinn sem við fengum til liðs við okkur í byrjun ársins til að aðstoða okkur við fjölmiðla og kynningarmál er nú farinn í annað starf og getur því ekki sinnt okkur áfram. Lögð var fram tillaga um að við myndum finna annan í verkið því þetta hefði svo sannalega verið að skila sér. Þetta var samþykkt.

7. Jólaaðstoð

Undanfarin ár höfum við fært hjálparsamtökum pening fyrir jólin. Samþykkt var að færa þessum samtökum styrki eins og í fyrra. Hjálparstofnun Kirkjunnar fær þá 500.000, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur 400.000 kr og samstarf hjálparsamtaka á Akureyri 200.000,-

8. Lagt fram til upplýsinga

1. Reglugerð ASÍ um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ
2. Beiðni um umsögn um tillögur að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða
3. Fundargerð stjórnar vinnustaðanámssjóðs

9. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:55